

AÐALFUNDUR

skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar verður haldinn að Borgartúni 18, þriðjudaginn 13. maí nk. kl. 17.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin.

Slípiskífur fyrirleggjandi

100 x 6,0 x 16 mm	kr. 39,00
115 x 6,0 x 22 mm	kr. 49,00
125 x 6,0 x 22 mm	kr. 56,00
150 x 6,0 x 22 mm	kr. 71,00
180 x 6,5 x 22 mm	kr. 93,00
180 x 8,0 x 22 mm	kr. 114,00

IDNADARVÖRUR
Heildverslun
Kleppsvegi 150, sími 686375.

DV

Umboðsmann

vantar á Breiðdalsvík. Uppl. gefur Geirlaus í síma 5662 og afgreiðsla DV í síma 91-27022.

**Önnumst nú einnig
alls konar smáprentun
og prentun á númeruðum
sjálfkalkerandi reikningum.
Fljót og góð þjónusta.**

Plastos hf 671900



GRUNNSKÓLI ESKIFJARÐAR

KENNARA VANTAR

Við skólann eru lausar kennarastöður. Meðal kennslugreina eru íslenska og líffræði í eldri deildum svo og íþróttakennsla. Skólinn starfar í nýju húsnæði og er vinnuástaða kennara til fyrirmyndar. Íbúðarhúsnæði verður útvegað og einnig kemur greiðsla flutningsstyrks til greina.

Nánari upplýsingar gefa formaður skólaneftdar, Margrét Óskarsdóttir, sími 97-6299, og Jón Ingi Einarsson skólastjóri, sími í skóla 97-6472 og heimasími 97-6182.

Skólaneftnd.

RARIK

RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS

Rafmagnsveitur ríkisins óska eftir tilboðum í eftirfarandi:

RARIK-86008: 75 stk. 25 kVA einfasa stauradreifispenningar.

Opnunardagur: Þriðjudagur 10. júní 1986 kl. 14.00.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Rafmagnsveitna ríkisins, Laugavegi 118, 105 Reykjavík, fyrir opnunartíma og verða þau opnuð á sama stað að viðstöddum þeim bjóðendum er þess óska.

Útboðsgögn verða seld á skrifstofu Rafmagnsveitna ríkisins, Laugavegi 118, 105 Reykjavík, frá og með mánudegi 12. maí 1986 og kostar 300 kr. hvert eintak.

Reykjavík 7. maí 1986.
Rafmagnsveitur ríkisins.

Menning

Menning

Menning



Kári Eiríksson - Landslag, olía á striga, 1985.

Sleikjur og slettur

Fá myndverk eru þannig gerð að þau beinlínis hrindi frá sér áhorfendum, hindri að þeir komist í náð persónulegt samband við þau. Vinnubrögðin skipta þar ekki meginmáli. Á verkum leikmanna eru stundum tæknigallar, en þar á móti kemur oft einlægni og þróttur sem áhorfandinn getur hugað sig við. Flókin verk og fullkomin geta svo gengið út frá tiltölulega einföldum forsendum sem áhorfandi þekkir af eigin reynslu.

Ég held að myndir Kára Eiríkssonar hljóti að vera í hinum sjaldgæfa flokki fráhrindandi listaverka. Sjálfum er mér fyrirumun að skilja þessar myndir og er því úr sambandi við þær. Þótt þær eigi að nafninu til að vera af landslagi, skipum, gömlum húsum, fuglum og öðru ámóta hugljúfu þá get ég ekki tengt þær neinu því sem ég þekki. Það er að segja, ég sé að einhver tiltekinn partur á myndfletinum er fugl, fjall eða fiskibátur, en ég skil ekki hvers vegna hann er eins og hann er í myndum Kára og hvað hann er að gera þar.

Framtíðarsýn ?

Líkingar eru stundum lykillinn að hinu óþekktu. Eiga allar þessar myndir af freðmýrum, auðnum og helfrosnum grösum að fyrirstilla landslag á öðrum stjörnum? Eða eru þær framtíðarsýn, af veröldinni í kjölfar kjarnorkustríðs og fimbulvetrar?

Spanskgrænir litatónarnir og gular eiturgufurnar, sem umlykja margt mótífíð, vita að minnsta kosti ekki á neitt gott.

Og hvað með seglbátana, með sundurtætt seglin og lunninga glóandi í geislavirkum litum? Getur nokkur manneskja verið á lífi í slíkum myndum?

Samt hef ég grun um að listamaðurinn telji sig vera að fjalla um Ísland hér og nú, en ekki framtíðina og fjarlægjar stjörnur. Til þess benda nöfn myndanna: Hraun, Gras, Sveit, Hvammur, Úthagi, Sólarlag o.s.frv.

Og hinir fjölmörgu kaupendur að verkum hans virðast fylgja honum að máli. Varla færur þeir að fjárfesta í máluðum bólsýnum á borð við þær sem ég hef lýst hér að ofan.

Sjálfvirkni

Nema þeir séu að sverma fyrir tækninni. Hún skiptist í tvennt, í sleikjur og slettur.



Kári Eiríksson - Andlit, olía á striga, 1985.

Myndlist

**AÐALSTEINN
INGÓLFSSON**

Venjulegast byrjar listamaðurinn á að slétta mótífíð og sleikja með pensli uns öll sérkenni þess eru á bak og brott. Eftir situr hin dauðhreinsaða nútíðar/framtíðarsýn sem áður er nefnd.

Þá er það sem slettur koma til sögunnar, til að lifga við forgrunn,

bakgrunn, þungamiðju verksins eða annað það sem lifga þarf við í myndunum.

Síðan verða þær næstum sjálfvirkar og listamaðurinn býr til úr þeim heysátur, hreiður, ullarreyfi á kind, jafnvel hriðarveður. Loks taka slettur af honum völdin og gera það sem þeim sýnist.

Þessu fylgir ákveðinn bravúr og bravúr hefur ávallt talsvert aðráttar afl.

En hann nægir ekki til lengdar. Einnhvern tímann verður listamaður að hleypa okkur áhorfendum nálægt sér, jafnvel þótt það kunni að reynast sársaukafullt.

-ai

UTANKJÖRSTADASKRIFSTOFA SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

Valhöll, Háaleitisbraut 1, 3. hæð. Símar: 688322 og 688953

Upplýsingar um kjörskrá o.fl.

Sjálfstæðisfólk, vinsamlegast látið skrifstofuna vita um alla kjósendur sem verða ekki heima á kjördegi, 31. maí nk.